



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Úthlutun almennra styrkja 2019

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. febrúar 2019 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs árið 2019, dags. 30. janúar 2019, yfirlit um styrkumsóknir almennra styrkja skóla- og frístundaráðs 2019 og reglur um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs.

Tillaga úthlutunarnefndar um almenna styrki skóla- og frístundaráðs um að eftirtaldir aðilar hljóti styrki skóla- og frístundaráðs 2019:

- 1) Umsækjandi: Alexía Björg Jóhannesdóttir. Heiti verkefnis: Kynfræðsla pörupilta. Kr.750.000
- 2) Umsækjandi: Arna Hrönn Aradóttir. Heiti verkefnis: Hjólakraftur fyrir nemendur frá 1. – 10. bekk. Kr. 300.000.
- 3) Umsækjandi: Félag Litháa á Íslandi. Heiti verkefnis: Þrír litir. Kr. 200.000.
- 4) Jóhann Björnsson. Heiti verkefnis: Merkingarbært nám í „tilgangslausum skóla“. Kr. 250.000
- 5) Umsækjandi: Kikka, K.M. Sigurðardóttir. Heiti verkefnis: Leikskólasögur. Kr. 400.000
- 6) Umsækjandi: Klassísi listdansskólinn ehf. Heiti verkefnis: Dans fyrir alla. Kr. 500.000.
- 7) Umsækjandi: Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Heiti verkefnis: Eldvarnarátak. Kr. 300.000.
- 8) Umsækjandi: Móðurmál – Samtök um tvítyngi. Heiti verkefnis: Kennsluefni fyrir móðurmálshópa samtakanna. Kr. 200.000.
- 9) Umsækjandi: Móðurmál – Samtök um tvítyngi. Heiti verkefnis: Hýsing í Gegni. Kr.200.000.
- 10) Umsækjandi: Muhammed Emin Kizilkaya. Heiti verkefnis: Panga stærðfræðikeppni 2018. Kr. 200.000.
- 11) Umsækjandi: Rauði krossinn í Reykjavík. Heiti verkefnis: Heilahristingur – heimanámsaðstoð. Kr. 250.000.
- 12) Umsækjandi: Rithöfundasamband Íslands. Heiti verkefnis: Skáld í skólum. Kr. 600.000
- 13) Umsækjandi: Veran, félag um vellíðan. Heiti verkefnis: Vellíðan í skólum, listin að leika og læra með núvitund og jóga. Kr. 300.000.
- 14) Umsækjandi: Waldorfleiksskólinn Sólstafir. Heiti verkefnis: Lifandi tónlist í lifandi skólasamfélagi. Kr. 250.000.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að sjá styrkjaúthlutanir skóla- og frístundaráðs en ýmsar mikilvægar styrkumsóknir fengu þó ekki styrk eða fá hluta upphæðarinnar sem þau sóttu um. Sósíalistar hefðu viljað sjá fleiri styrkumsóknir samþykktar og minna á tillögu þess efnis um að Reykjavíkurborg vinni að því að koma útsvari á fjármagnstekjur og aðstöðugjöld á fyrirtæki til að fjármagna öll þau mikilvægu verkefni sem sveitarfélögin sinna. Þar gæti Reykjavíkurborg leitað til hinna sveitarfélaganna í landinu með það að markmiði að mynda samstöðu til að beita sér fyrir því að aðstöðugjöld verði aftur lögð á fyrirtæki og að útsvar verði lagt á fjármagnstekjur. Aðstöðugjöld voru veigamikill hluti af tekjustofni sveitarfélaganna og ef 1,3% aðstöðugjald hefði verið lagt á veltu tíu stærstu fyrirtækjanna sem voru með höfuðstöðvar í Reykjavík árið 2017 hefði borgarsjóður fengið um 9,7 milljarða (þessu er ætlað að gefa grófa mynd en þar þarf að skoða ýmsa þætti, í útsvari er t.d. jöfnunargjald til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sjálfsagt að reikna með einhverju slíku í aðstöðugjaldi). Fjármagnstekjur bera ekkert útsvar líkt og launatekjur. Mikilvægt er að fyrirtæki og fjármagnseigendur greiði í sameiginlegan sjóð okkar allra svo hægt sé að sinna öllum þeim mikilvægu verkefnum sem koma inn á borð borgarinnar.

Tillagan var samþykkt.

Hér með sent borgarráði til kynningar.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað, dags. 30. janúar 2019

Umsóknir um almenna styrki

Reglur um almenna styrki



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 30. janúar 2019
SFS2018090047
153. fundur
HG/img/sp/sv

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Efni: Úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs árið 2019

Almennir styrkir skóla- og frístundaráðs eru auglýstir með öðrum styrkjum borgarinnar ár hvert. Fram kemur í auglýsingum að „... meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsroðun borgaryfirvalda“. Hvert fagsvið borgarinnar getur einnig haft sínar áherslur við úthlutun styrkja.

Umsóknir um styrki til skóla- og frístundaráðs voru **27** og upphæð sem sótt var um **kr. 44.286.000.-** en til úthlutunar eru skv. fjárhagsáætlun **kr. 4.700.000.**

Úthlutunarnefndir lásu yfir og lögðu mat á þær umsóknir sem bárust um almenna styrki. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins
- hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn
- hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun

Nefndirnar gera sameiginlega tillögu um að eftirfarandi verkefni hljóti styrki:

Almennir styrkir - tillaga um úthlutun styrkja 2019

Nr.	Umsækjandi	Ábyrgðarmaður	Heiti verkefnis	Upphæð umsóknar	Tillaga
1	Alexía Björg Jóhannesdóttir	Alexía Björg Jóhannesdóttir	Kynfræðsla þörupiltar	2.950.000	750.000
2	Arna Hrönn Aradóttir	Arna Hrönn Aradóttir	Hjólakraftur fyrir nemendur frá 1. – 10. bekk	1.500.000	300.000
3	Félag Litháa á Íslandi	Félag Litháa á Íslandi	Þrír litir	500.000	200.000
4	Jóhann Björnsson	Jóhann Björnsson	Merkingarþætt nám í „tilgangslausum skóla“	700.000	250.000
5	Kikka,, K.M. Sigurðardóttir	Kikka,, K.M. Sigurðardóttir	Leikskólasögur	2.000.000	400.000
6	Klassísi listdanskólinn ehf	Klassísi listdanskólinn ehf	Dans fyrir alla	3.000.000	500.000
7	Landsamband slökkviliðs/ sjúkrafl.	Landsamband slökkviliðs/ sjúkrafl.	Eldvarnarátak	300.000	300.000
8	Móðurmál – Samtök um tvítyngi	Móðurmál – Samtök um tvítyngi	Kennsluefni fyrir móðurmálshópa samtakanna	500.000	200.000
9	Móðurmál – Samtök um tvítyngi	Móðurmál – Samtök um tvítyngi	Hýsing í Gegni	200.000	200.000
10	Muhammed Emin Kizilkaya	Muhammed Emin Kizilkaya	Panga stærðfræðikeppni 2018	500.000	200.000
11	Rauði krossinn í Reykjavík	Rauði krossinn í Reykjavík	Heilahristingur – heimanámsaðstoð	1.000.000	250.000
12	Rithöfundasamband Íslands	Rithöfundasamband Íslands	Skáld í skólum	600.000	600.000
13	Veran, félag um vellíðan	Veran, félag um vellíðan	Vellíðan í skólum, listin að leika og læra með núvitund og jóga	1.500.000	300.000
14	Waldorfleikskólinn Sólstafir	Waldorfleikskólinn Sólstafir	Lifandi tónlist í lifandi skólasamfélagi	1.170.000	250.000
	Samtals				4.700.000

Almennir styrkir 2018 - 2019

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Skólastig	Upphæð umsóknar	Sam.till
1	Félag Litháa á Íslandi	Þrjú litir	Markmið verkefnisins er að vekja athygli á mikilvægi móðurmáls og áhrif þess á sjálfsmynd barnanna og velgengi þeirra í íslenskum skólum.	Leik/Grunn	500.000	200.000
2	Hallgrímur Þ.Gunnþórssón	Krífasel-ungbarnaleikskóli	Að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta og stuðlar að samábyrgð allra starfsmanna á barnahóp leikskólans, o.fl.	Leik	7.131.000	0
3	Hildur Arna Hjartardóttir	readfor.me	Aðalmarkmiðið er að fá börn til að lesa meira, lengur og hafa gaman að því. Önnur markmið eru að aðstoða foreldra sem hafa takmarkaðan tíma og kennara sem sjá um mörg börn.	Grunn	10.000.000	0
4	Jóhann Björnsson	Merkingabært nám í "tilgangslausum skóla"	Meginmarkmið verkefnisins er að finna leiðir til að koma til móts við þarfir nemenda sem finnst nám í grunnskólum borgarinnar ekki merkingarbært	Grunn	700.000	250.000
5	Landsamband síökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	Eldvarnarátak 2018	Að fræða öll 8 ára börn um eldvarnir og öryggi heimilisins og kenna þeim neyðarnúmerið 112.	Grunn	300.000	300.000

Almennir styrkir 2018 - 2019

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Skólastig	Upphæð umsóknar	Sam. till
6	Móðurmál-Samtök um tvítýngi	Kennsluefni fyrir móðurmálshópa samtakanna	Að styrkja móðurmálshópa í því að auka gæði móðurmálskennslu, með því að kaupa nauðsynlegt kennsluefni.	Grunn	500.000	200.000
7	Móðurmál-Samtök um tvítýngi	Hýsing í Gegni	Markmið samnings þessa er að gera bókasafn samtakanna Móðurmáls sýnilegt og aðgengilegt fyrir börn af erlendum uppruna með skráningu og hýsingu bókana í Landskerfi bókasafna, Gegni.	Grunn	200.000	200.000
8	Foreldrafélag Breiðagerðisskóla	Vínáttubekkur	Slíkir bekkir geta reynst öflugt verkefni í baráttunni gegn einelti auk þess sem hann er líklegur til að efla mikilvæga þætti barna í uppvextinum svo sem samkennd, vinnáttu, koma í veg fyrir einmannaleika, geta tjáð vanlíðan og fleiri þætti. Bekkurinn eru auðvitað bara venjulegur bekkur en foreldrafélagið stefnir á að innleiða sömu verkferla og í Melaskóla í samstarfi við skólayfirvöld ef félagið fær styrkinn, svo sem í sambandi við vinaliða, sérstök vesti og fleira.	Grunn	?	0

Almennir styrkir 2018 - 2019

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Skólastig	Upphæð umsóknar	Sam.till
9	Rauði Krossinn í Reykjavík	Heilahristingur	Markmið Heilahristings er að styrkja nemendur sem eiga erfitt með að fóta sig í námi vegna skorts á baklandi heima fyrir. Verkefnið stuðlar að félagslegum þroska og sterka sjálfsmynd, býður upp á afslappað umhverfi þar sem vináttutengsl geta myndast, og veröld bókasafnsins opnast fyrir börnunum.	Grunn	1.000.000	250.000
10	Alexía Björg Jóhannesdóttir	Kynfræðsla þörupilta	Kynfræðsla Þörupilta fræðir og styrkir unglinga, eflir og afhelgar umræðu um kynlíf á fyndinn og skemmtilegan hátt.	Grunn	2.950.000	750.000
11	Ástráður - Kynfræðsla Lækn.	Kynfróð	Markmið verkefnisins er að auka fræðslu og umræðu um kynheilbrigði ungmenna bæði með fyrirlestrum í framhaldsskólum landsins og með fræðsluefni á netinu.	Fram		0
12	Klassíski listdanskólinn ehf	Dans fyrir allra	Gera danskenslu og dansviðburði aðgengilega fyrir ungt fólk, óháð fjárhag eða menningarstöðu foreldra. Efla umræðu um sviðslistir á milli ungra áhorfenda og listamanna. Listkennsla í skólum hvetur til sköpunar, öryggis og forvitni.	Leik, frí og grunn	3.000.000	500.000

Almennir styrkir 2018 - 2019

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Skólastig	Upphæð umsóknar	Sam.till
13	Bjarni Benedikt Björnsson	KLAKI - gagnagrunnur um grunnorðaforða íslensku	Markmið verkefnisins er að þróa og stækka gagnagrunninn KLAKA, sem hefur að geyma algeng orð í íslensku ásamt beygingarflokki, þýðingu og tengingu við kennsluefni í íslensku sem öðru máli. Sömu leiðis er fyrirhugað að hefja gerð rafrænnar handbókar um grunnatriði í íslenskri málfræði ásamt æfingum sem byggja á þeim orðaforða sem nemendur hafa lært.	Grunn	900.000	0
14	Anna Kristín Jörundsdóttir	Leið þín um lífið	Markmið áfangans er að byggja upp sjálfstraust, samskiptahæfni og nútíund nemenda og stuðla þannig að aukinni vellíðan þeirra, þannig að þeir geti betur tekist á við sitt daglega líf á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.	Grunn	1.000.000	0
15	Kristrún María Heiðberg	Mannréttindi mín og þín	Markmiðið er að nemendur verði betur meðvitaðir um mannréttindi og samfélagið sem þeir búa í, læri að vera virkir þjóðfélagsþegnar.	Grunn	1.800.000	0

Almennir styrkir 2018 - 2019

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Skólastig	Upphæð umsóknar	Sam.till
16	Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir	Handbók fyrir ófglærða leiðbeinendur	Markmið verkefnis er að búa til handbók sem ætluð er ófglærðum leiðbeinendum til að veita þeim auknið öryggi og vellíðan í starfi. Það er gert með því að veita þeim faglega leiðsögn og þekkingu um starfið. Vonandi verður þetta til þess að ófglært starfsfólk langi til að verða leikskólakennarar og aukið einnig áhuga á starfinu með börnum.	Leik	300.000	0
17	Veran félag um vellíðan	Vellíðan í skólum, listin að leika og læra með núvitund og jóga	Markmið að efla jákvæðan skólabrag nemenda og kennara með þeim tækjum sem núvitund, yoga, kærleikurinn og gleðin gefur. Með því eflum við einbeitingu, seiglu, bætum samskipti drögum úr veikindafjarveru vegna streitu og álags kennara. Lokamarkmið er að bæta almenna líðan og starfsánægju bæði nemenda og kennara.	Grunn	1.500.000	300.000
18	Arna Hrónn Aradóttir	Hjólakraftur fyrir nemendur frá 1. - 10. bekk	Markmið þessa verkefnis er að ná til þeirra nemenda sem eru vanvirkir í íþróttum í skólanum, búa við erfiðar félagslegar aðstæður eða eru innflytjendur	Grunn	1.500.000	300.000

Almennir styrkir 2018 - 2019

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Skólastig	Upphæð umsóknar	Sam.till
19	Rithöfundasamband Íslands	Skáld í skólum 2019	Markmið verkefnisins er að kynna ævintýrilegan heim bókmenntanna fyrir grunnskólabörnum, veita þeim innsýn í sköpunarferlið og innblástur til að lesa með skapandi og frjóum hætti.	Grunn	600.000	600.000
20			Markmið verkefnisins er að sérsníða markþjálfunarefni ætlað unglingum sem standa á tímamótum, að efla þá til að takast á við nýjar áskoranir sem þau standa frammi fyrir við lok grunnskólanáms. Það er gert með því að kynna fyrir þau og aðlaga að þeirra þörfum verkfæri markþjálfunar sem felst m.a. í að átta sig á stöðunni sem maður er í.			
21	Sóley Kristjánsdóttir Kikka K.M.Sigurðardóttir	Markþjálfun fyrir nemendur í 10.bekk Leikskólasögur	Markmiðið er að skoða heim leikskólabarna og gera efni aðgengilegt fyrir þau sem er um þeirra eigin heim.	Grunn Leik	2.250.000 2.000.000	0 400.000

Almennir styrkir 2018 - 2019

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Skólastig	Upphæð umsóknar	Sam.till
22	Muhammed Emin Kizilkaya	Pangea stærðfræðikeppni 2018	Aðalmarkmið keppinnar er að vekja áhuga hjá ungu fólki á stærðfræði, hvetja þau sem halda að stærðfræði sé of erfið til dáða með því að sýna þeim að þau geti afrekað mikið ef þau reyna, og hvetja efnilegustu nemendurna til áframhaldandi afreka.	Grunn	500.000	200.000
23	Suðurlíðaskóli	Útivist og hreysti	Bæta og fegra skólalíð Suðurlíðarskóla svo hún nýtist betur til leiks sem útivistarsvæði og sé borginni til sóma.	Grunn	2.000.000	0
24	Waldorfleikskólinn Sólstafrir	Lifandi tónlist í lifandi skólasamfélagi	Markmið verkefnisins er: - Að bjóða nemendum upp á fjölbreytta tónlistarkennslu. - Að skapa vettvang sem tengir tónlistarfólk, sem er farfólk, við skólann - Að styrkja menningarlíf skólans - Að vera valdeflandi fyrir grunnskólanemendur og skapa þeim tækifæri til þess að stíga inn í tónlistarheim sem er lifandi og spennandi og taka þátt í honum, þar sem þeir eru staddir í tónlist, á sínum forsendum.	Grunn	1.170.000	250.000

Almennir styrkir 2018 - 2019

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Skólastig	Upphæð umsóknar	Sam.till
25	Berent Karl Hafsteinsson	Fræðsla um hættur vegna hraðaksturs	Fræða nemendur um ábyrgð ökumanna á sér og öðrum vegfarendum og hvað ber helst að forðast í umferðinni	Grunn	540.000	0
26	Foreldrafélag Ölduselsskóla	Innleiðing forritunarkennslu í Ölduselsskóla í samvinnu við Skema	SKEMA hefur undanfarin ár boðið upp á námskeið fyrir börn og kennara í forritun. Sú færni sem nemendur tileinka sér er rökhugsun, sköpun, félagsfærni, teymisvinnu, samskipti, betri sjálfsmynd og þrautalausnir, forritun á ýmsum aldurstigum. UT kennsla í Ölduselsskóla hefur verið í mótun. Skólinn býr yfir ágætum tækjabúnaði en uppfæra þarf kennsluhætti og þjálfá kennara.	Grunn	1.245.000	0
27	HIV-Ísland	Fræðsla og forvarnir 2018 - 2019	Unglingar sýni sjálfum sér og öðrum fulla virðingu bæði í kynlífsathöfnum sem og öðrum athöfnum. Einnig að vinna gegn fordómum, fordómum gegn ákv. sjúkdómum, fordómum sem byggjast á fáfræði.	Grunn	1.000.000	0
					4.700.000	

44.586.000

ALMENNIR STYRKIR

Reglur um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur

1. Markmið með styrkjum skóla- og frístundaráðs er að styrkja ýmis verkefni og starfsemi sem á einn eða annan hátt styður við eða stuðlar að bættu starfi á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.
2. Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflokki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkuppþæð.
3. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Framkvæmdastjórn SFS ákveður skiptingu fjármagns til einstakra málaflokka (leikskóla, grunnskóla, frístundastarfs og tónlistarskóla)
4. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. október ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á <http://www.reykjavik.is/styrkir>. Styrkir skulu afgreiddir fyrir lok janúar ár hvert. Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.
5. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins og d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Úthlutunarnefnd leitar álits sérfræðinga ef hún telur þörf á.
6. Skóla- og frístundasvið og hver styrkþegi gera með sér skriflegan samning um verkefnið sem hlýtur styrk þar sem fram koma m.a. skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og áætluð verklok. Einnig skal tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað greinargerð um ráðstöfun styrkfjár. Sé skriflegur samningur ekki undirritaður 6 mánuðum eftir úthlutun er litið svo á að styrkþegi hafni styrknum.
7. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.
8. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að a) helmingur af styrkuppþæð greiðist við undirritun samnings; b) seinni helmingur styrkuppþæðarinnar greiðist þegar greinargerð um ráðstöfun styrkfjár hefur verið skilað.
9. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín.
10. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðið reikningsár.

